

101
8. ágúst

Prófreglugjörð

fyrir kennaraskólann í Reykjavík.

Samkvæmt 25. gr. í Reglugjörð til bráðabirgða fyrir kennaraskólann í Reykjavík, eru hér með settar eftirfarandi reglur um það, hvernig hagað skuli kennaraprófi við skólann.

1. gr.

Burtfararpróf frá kennaraskólanum nefnist *kennarapróf*; það fer fram í tvennu lagi: *fyrri hlutinn* við upplutning úr 2. bekk, *síðari hlutinn* við burtför úr 3. bekk.

2. gr.

Til fyrri hlutans telst próf í þeim námsgreinum, er nú skal telja:

1. Landfræði (almenn landfræði og lýsing Íslands).
2. Sagnfræði (almenn mannkynssaga).
3. Kristin fræði (biblíusögur og ágríp af kirkjusögu).
4. Náttúrufræði (tvær af þessum þrem greinum: dýrafræði, grasfræði, mannfræði).
5. Stærðfræði (almennur reikningur með heilum tölum og brotum, og einfaldar líkingar með einni eða fleiri óþektum stærðum).

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt í stærðfræði, en einungis munnlegt í hinum greinum.

3. gr.

Til síðari hlutans telst próf í þeim greinum, er nú skal telja:

1. Íslenzka:
 - a. Munnlegt próf: Að minsta kosti 300 bls. í 8 blaða broti af úrvalsköflum bæði úr fornum bókmentum og nýjum, í bundnu máli og óbundnu, og ágríp af bókmentasögu, einkum að því er skáldskap snertir og sagnaritun.

- b. Skriflegt próf. Verkefni skal vera í tvennu lagi: 1. frásagnarefni (t. d. **101** endursögn); 2. ritgjörðarefni, er reyni fremur á athyggjuþroska en fróðleik. 8. ágúst
2. Danska: Prófið er munnlegt í lesnu máli og ólesnu, og skriflegt (stíll).
 3. Sagnfræði (saga Íslendinga).
 4. Kristin fræði: bibliuskýring (eitt guðspjall að minsta kosti).
 5. Náttúrufræði: Eðlisfræði og sú grein, sem slept hefir verið við fyrri hlutann af þeim, er nefndar eru í 2. gr. 4.
 6. Stærðfræði: Rúmmálsfræði, flatarmál og þykkvamál. Munnlegt próf og skriflegt.
 7. Uppeldisfræði: Yfirlit yfir sögu uppeldisins; höfuðatriði sálarfræði og kenslufræði.
 8. Söngur: Prófið á að sýna, að nemandinn geti *sungið* einföld lög í öllum almennum tóntegundum tónrétt og taktrétt eftir nótum, *gjört grein fyrir* höfuðatriðum almennrar söngfræði og *leikið* á eitthvert hljóðfæri.
 9. Teikning: Teiknuð ein mynd eftir einföldum margflötung. Leggja skal og fram teikningar þær, er nemandi hefir gjört síðasta vetur og taka tillit til þeirra við dóminn.
 10. Skólasmíði: Nemandi skal hafa teiknað og smíðað a. m. k. 16 fyrstu gripina af smíðisgriparöð þeirri, sem kend er við Náás. Teikningarnar og gripirnir eru lagðir fram við prófið og dæmt eftir þeim.
 11. Leikfimi: Prófið á að sýna, að nemandinn geti *leikið fyrir* allar venjulegar æfingar, *skipað fyrir*, leiðrétt aðra og stjórnað þeim og *samið stundarskrá*, er sýni, að hann beri skyn á, hver tilhögun bezt svarar tilgangi æfinganna.
 12. Kensla: Prófið er verklegt. Nemandi skal kenna börnum íslenzku, kristinfræði, reikning og einhverja eina af þessum námsgreinum: Íslendingasögu, landafræði, náttúrufræði.

Þar sem annað er ekki tekið fram, er prófið munnlegt.

4. gr.

Kennarar skólans prófa, en um *frammistöðu* nemanda við burtfararpróf dæma með þeim tveir menn, er stjórnarráðið kveður til þess. Prófdómendur þessir velja öll verkefni til prófsins, og ráða allri tilhögun þess í samráði við hlutaðeigandi kennara, og skrifa að lokum undir prófskýrsluna í einkunnabók skólans ásamt kennurunum.

5. gr.

Eina einkunn skal telja fyrir hverja námsgrein, sem að framan eru taldar, nema í íslenzku, söng og leikfimi, þó að próf í þeim sé bæði munnlegt og skriflegt, og bæði til fyrri hluta og síðari hluta; er þá tekið meðaltal af einkunnum þeim, er nemandinn fekk í námsgreininni við fyrri hluta og síðari hluta prófs.

101 Telja skal tvær einkunnir fyrir íslenzku, eina fyrir munnlega og aðra 8. ágúst fyrir skriflega.

Í söng og leikfimi eru engar einkunnir, en að eins um það dæmt, hvort nemandinn er fær um að taka að sér kenslu í þeim greinum, og skal geta þess á skirteini því, er hann fær að loknu prófi. Sá þarf eigi að ganga undir próf í þeim greinum, er hlutaðeigandi kennari telur óhæfan til að kenna þær.

6. gr.

Einkunnirnar eru þessar: ágætlega = 6, dável = 5, vel = 4, laklega = 3, illa = 2 og afarilla = 1. Nota má og brotin $\frac{1}{3}$ og $\frac{2}{3}$, sem liggja í milli þessara talna. Svo má og nota tugabrotin 0,17, 0,50 og 0,83 er tekið er meðaltal einkunna fyrri hlutans og síðari hlutans.

Aðaleinkunn er talin í stigum og eru reiknuð 8 stig fyrir einkunnina ágætlega, 7 fyrir dável, 5 fyrir vel, 1 fyrir laklega, $\div 7$ fyrir illa og $\div 23$ fyrir afarilla. Taka skal tillit til brotanna við útreikning stigafjöldans að tiltölu rétttri.

Sá hefir staðist prófið, sem fengið hefir a. m. k. 48 stig, og ekki lægri einkunn en *vel* í kenslu, og í engri annari grein lægri einkunn en *laklega*.

7. gr.

Nú hefir nemandi fengið 48 stig, en í einhverri grein lægri einkunn en þarf til þess að standast prófið, og er honum þá heimilt að ganga aftur undir próf í þeirri grein við kennarapróf, og hefir hann þá staðist prófið, ef hann fær eigi lægri einkunn en gjörð er að skilyrði í 6. gr.

Sama rétt hafa og nemendur þeir, er dæmdir hafa verið óhæfir til að taka að sér kenslu í söng eða leikfimi.

Í stjórnarráði Íslands, 8. ágúst 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.